

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 128/ 579**  
**komudagur 9.12.2002**

Reykjavík 9. desember 2002

**Til: Umhverfisnefndar Alþingis.**  
**Frá: Fjármálaráðuneyti**

**Efni: Frumvarp til laga um úrvinnslugjald. Upplýsingar í tengslum við fyrirspurnir á fundi nefndarinnar 6. desember 2002.**

1. Mat á tekjum vegna frumvarpsins.

Í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins með frumvarpinu kemur fram að að frátöldu ákvæði III til bráðabirgða megi ætla að heildarskatttekjur verði 1.260 m.kr. á ári og aukist um 500 m.kr. frá því sem nú er skv. lögum um spilliefnagjald og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur (flöskur og dósir).

Eins kemur fram í umsögninni þá skortir forsendur til að meta hvaða tekjum úrvinnslugjald á umbúðaflokkana sem tilgreindir eru í ákvæði III til bráðabirgða þurfi að skila til að standa undir kostnaði við úrvinnslu þessara umbúða eftir að þær eru orðnar að úrgangi. Við vinnu umsagnarinnar var gengið eftir upplýsingum frá umhverfisráðuneyti varðandi þetta atriði og fengust þær upplýsingar að vegna umfangs þessara umbúða hefði ekki enn verið gerð um það nein áætlun sem gæti staðist.

2. Mat á kostnaði vegna frumvarpsins.

Í kostnaðarumsögn ráðuneytisins var ekki lagt mat á kostnað við framkvæmd þessa kerfis (heildarkostnaður Úrvinnslusjóðs að frátöldum beinum úrvinnslukostnaði). Samkvæmt upplýsingum í tengslum við fjárlagagerð fyrir árið 2003 ber að líta svo á að umhverfisráðuneytið á ætli að almennur rekstrar- og um sýslukostnaður Úrvinnslusjóðs gæti orðið u.þ.b. 63 m.kr. á ári til viðbótar við núverandi 11 m.kr. almennan rekstrarkostnað Spilliefnasjóðs.

3. Mat á magni umbúða.

Efnahagsskrifstofa ráðuneytisins hefur gert eftirfarandi tilraun til að áætla magn umbúða úr pappír, pappa og plasti sem leggja á úrvinnslugjald á frá 1. janúar 2004.

Samkvæmt ársskýrslu Sorpu fyrir 2001 tók fyrirtækið við 106.000 tonnum af úrgangi árið 2001. Frá endurvinnslustöðvum var tekið við um 17.000 tonnum. Í endurvinnslustöðvunum voru 30% blandaður úrgangur en 6,3% pappír og pappi til endurvinnslu. Hér er reiknað með því að 30% af því sem kemur í endurvinnslustöðvarnar séu umbúðir. Eitthvað af pappanum eru umbúðir og eitthvað af blandaða úrganginum eru ekki umbúðir. Þetta bendir til að 5.000 tonn af umbúðum hafi komið í endurvinnslustöðvarnar.

Frá sorphirðu sveitarfélaganna komu 43.000 tonn af sorpi. Gerðar eru úrtakskannanir á samsetningu þess og í nóvember 2001 voru 16,7% af sorpinu flokkar sem nálgast það sem hér er til skoðunar. Samkvæmt því komu 7.200 tonn af umbúðum með heimilissorpinu árið 2001. Bein skil fyrirtækja til Sorpu námu 46.000 tonnum. Þar af metur Ögmundur Einarsson, framkvæmdastjóri að 15.000 tonn séu bylgjupappi og 1.000 tonn plastumbúðir.

Samtals eru þetta 28.200 tonn á þjónustusvæði Sorpu. Ef áætlað er að stærstur hluti af umbúðum frá fyrirtækjum á landinu öllu komi til Sorpu en að aðrar umbúðir komi hlutfallslega eftir mannfjölda má áætla að fyrir landið í heild sé um að ræða um 36.000 tonn.

Í fylgiskjali með frumvarpinu eru upplýsingar um flokkun umbúða miðað við 1995. Þar er talið að við höfum notað tæp 40.000 tonn af umbúðum úr pappa, plasti og samsettar umbúðir. Allnokkuð af umbúðum sem þar eru taldar eru í flokkum sem eru eða verða úrvinnslugjaldsskyldar. Stærðargráðan bendir þó til þess að þessi tala sé ekki víðs fjarri.

Engin tilraun er gerð til þess að meta hversu mikið hlutfall af þunga umbúðir eru utan um allt það sem í umbúðum er. Sé hins vegar miðað við að innheimt gjald af umbúðunum sjálfum yrði það sama og er af hreinum umbúðaflokkum í frumvarpinu (22,23 kr/kg á pappír og pappa) gæti stærðargráða gjaldsins orðið 800 m.kr.